

Reykjanesbær 14.08.2023

Helgi Arnarson
Sviðsstjóri Menntasviðs

Rökstuðningur við leigu fyrir nemendur í Sporthúsinu.

Frá byrjun árs hafa stjórnendur, starfsmenn og nemendur Holtaskóla þurft að hugsa í lausnum, vera sveigjanleg og hafa jákvæðni að leiðarljósi þar sem skólastarf og aðstæður til náms hafa ekki verið með hefðbundnum hætti. Erindi þessa bréfs er að rökstyðja mikilvægi þess að bæjarráð samþykki beiðni stjórnenda Holtaskóla að leigja aðstöðu í Sporthúsinu fyrir nemendur í 7. til 10. bekk til íþróttaiðkunnar. Nemendur þessara bekkja verða staðsettir í húsnæði Keilis á Ásbrú. Í Sporthúsinu er 200 m² salur sem skólanum stendur til boða að leigja fyrir nemendur. Leigan felur í sér aðstöðu fyrir nemendur í íþróttum ásamt aðgengi að sturtuaðstöðu sem myndi veita nemendum stöðugleika og minnka álag.

Stjórnendur telja mikilvægt fyrir hagsmuni kennara, nemendur og nám þeirra að leita allra leiða til að stöðugleiki sé til staðar og dregið sé úr álagi eftir fremsta megni eftir krefjandi mánuði. Mikið álag hefur verið á bæði starfsfólk og nemendur á síðasta skólaári með tilheyrandi þreytu og einhverjum tilfellum vanlíðan. Með því að íþróttakennsla fari fram í Sporthúsinu þarf ekki að skipuleggja rútuferðir fyrir nemendur í íþróttahús við Sunnubraut með tilheyrandi kostnaði. Ef farnar eru rútuferðir þarf að gæta þess að allir séu með þegar báðar ferðir eru farnar (starfsmaður með) auk þess sem það felur í sér skerðingu á námi þar sem hleypa þarf nemendur fyrr út til þess að fara í rútu og/eða að öðrum kosti að lengja skóladag nemenda til að hægt sé að uppfylla körfur aðalnámskrá grunnskóla. Hreyfing er mikilvægur hluti af námi nemenda, sérstaklega á unglíngastigi þar sem rannsóknir sýna fram á að hreyfing fer minnkandi með aldri.

Kostir fyrir nemendur eru margþættir;

- Sleppa við að ferja nemendur í íþróttahúsið við Sunnubraut
- Minna álag þá aðallega að flytja nemendur fram og tilbaka
- Mikil skerðing á kennslustundum ef ferja á nemendur í íþróttahúsið á Sunnubraut
- Eins og stundataflan er sett upp þá passar þessir tímar vel inn í hana
- Tímafjöldi hreyfingar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er uppfylltur

Ókostirnir er auðvitað kostnaðurinn við leigu.

Unnar Stefán Sigurðsson
Skólastjóri Holtaskóla